

AUGLÝSING

(III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

Með vísan til 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 439, 15. maí 2007 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2006/2007 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirtöldum sveitarfélögum:

1. Grýtubakkahreppur.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda, að öðru leyti en því að byggðakvóta til fiskiskipa á Grenivík verður úthlutað jafnt milli allra skipa sem sækja um og uppfylla ákvæði reglugerðarinnar. Viðkomandi skipseigandi þarf að tilkynna Fiskistofu fyrir lok júlí hvort hann hyggst nýta sér byggðakvótann, ef svo reynist ekki deilist byggðakvótinn á önnur skip, sem úthlutun fengu. Nægilegt er að lokið sé að veiða byggðakvótann á þessu fiskveiðiári, vikur því ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 439/2007 hvað endurúthlutun varðar.

2. Akureyrarbær.

Byggðakvóta Akureyrarbæjar skal úthlutað með eftirfarandi hætti til skipa skráðra í Hrísey samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 439/2007 að öðru leyti en því að: 90% byggðakvótans skal úthlutað jafnt á þá báta sem gerðir hafa verið út a.m.k. 9 mánuði á síðustu 12 mánuðum. Ákvæði 4. gr. reglugerðar um 15 þorskígildislega hámarksúthlutun og 100% aukningu aflaheimilda er felld niður. 10% byggðakvótans skal úthlutað samkvæmt reglugerð nr. 439/2007 á aðra báta sem gerðir eru út hluta úr ári. Heimilt er að flytja byggðakvóta milli fiskiskipa í eigu sömu útgerðar.

3. Sveitarfélagið Árborg.

Úthlutun byggðakvóta til Eyrarbakka fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 að öðru leyti, en því að: Ákvæði 4. gr. um 15 þorskígildistonna hámarksúthlutun og 100% aukningu aflaheimilda eru felld niður. Tvöföldum byggðakvóta skal landað til vinnslu í Sveitarfélaginu Árborg að svo miklu leyti sem kaupendur finnast að aflanum í sveitarfélaginu.

4. Fjallabyggð.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda með eftirfarandi viðauka/breytingum: Byggðakvóta Siglufjarðar 204 þorskígildistönnum skal úthlutað til fiskiskipa á Siglufirði sem uppfylla skilyrði úthlutunarreglna. Byggðakvóta Ólafsfjarðar skal með sama hætti úthlutað til fiskiskipa á Ólafsfirði. Byggðakvóta skal úthlutað til fiskiskipa í hlutfalli af samtölu landaðs afla í viðkomandi byggðarlagi fyrir tímabilið 1. júlí 2006 til 30. júní 2007 og aflamarki í þorskígildum talið

hjá viðkomandi skipi þann 30. júní 2007. Með aflamarki er átt við skilgreiningu Fiski-
stofu á aflamarki í þorskígildum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. júní 2007.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Hinrik Greipsson.

B-deild – Útgáfud.: 29. júní 2007